

Velferðarnefnd Alþingis  
Smiðja, Tjarnagötu 9  
101 Reykjavík


17.10.2024


## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáttmála í íslenska löggjöf, 9. mál - 155. löggjafþing.

ÖBÍ- réttindasamtök ítreka fyrri umsögn og taka heilshugar undir að fest verði í sessi lýðheilsuáttmála hér á landi og gert þannig að föstum hluta stjórnáttmála. Jafnframt taka ÖBÍ - réttindasamtök undir að lýðheilsuáttmála sé áhrifarík og einföld aðgerð þar sem hægt er að leggja mat á bein og óbein áhrif stjórnáttmálaáttmála og lagasetningar á lýðheilsu. Því miður hafa stjórnáttmála hingað til ekki látið lýðheilsuáttmála ná sérstaklega til fatlaðs fólks. Mikilvægt er að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði hafður til hliðsjónar við frekari útfærslu á innleiðingu lýðheilsuáttmála í íslenska löggjöf. Í 25. gr. er fjallað um heilbrigði. Aðildarríki að samningnum viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta heilbrigðis án mismununar á grundvelli fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu. Réttur til bestu mögulegrar heilsu er meðal mikilvægustu grunn mannréttinda og því mikilvægt skilyrði fyrir möguleika fólks á því að njóta annarra mannréttinda. Rétturinn til heilsu felur einnig í sér frelsi hvers og eins til að ráða yfir eigin líkama og taka ákvörðun um viðeigandi meðferð. Bæði innlend löggjöf og fjöldi alþjóðlegra mannréttindasamninga áskilja að réttur til bestu mögulegrar heilbrigðisþjónustu sé tryggður. Má þar nefna lög nr. 33/1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmála Evrópu, alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ekkert um okkur - án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

  
Alma Ýr Inngólfssdóttir  
formaður ÖBÍ

  
Rósa María Hjörvar  
stafrænn verkefnastjóri ÖBÍ